

Eyjafjarðarsveit
Guðmundur Jóhannsson,
sveitarstjóri
Syðra-Laugalandi
601 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. ágúst 2008
Tilvísun: UST20080500149/sf

Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 og tillaga að deiliskipulagi vegna jarðgerðarstöðvar í landi Þverár

Vísað er til erindis Eyjafjarðarsveitar dags. 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 vegna jarðgerðarstöðvar í landi Þverár og um tillögu að deiliskipulagi vegna sömu framkvæmdar.

Samkvæmt aðalskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir 5,7 ha iðnaðarsvæði á flatlendi austan Eyjafjarðarár. Iðnaðarsvæðið er að hluta til innan svæðis sem skilgreint er sem efnistökusvæði í staðfestu aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar og minnkar efnistökusvæðið um 1,3 ha við breytinguna. Í greinargerð með aðalskipulaginu og umhverfisskýrslu kemur fram að það land sem fer undir iðnaðarsvæðið er að mestu óhreyft land, uppgrónar eyrar með nokkurri gróðurþekju en að hluta til efnistökusvæði. Einnig kemur fram að svæðið er í um 700 m fjarlægð frá Eyjafjarðarbraut eystri, um 600 m fjarlægð frá heimahúsum Þverár, 350 m fjarlægð frá farvegi Þverár ytri og um 830 m frá austurbakka Eyjafjarðarár. Á iðnaðarsvæðinu verður jarðgerður lífrænn úrgangur sem fellur til við Eyjafjörð, auk slátur og kjötúrgangs frá Húsavík. Úrvinnslumagn er áætlað um 10 þúsund tonn á ári í upphafi en gert ráð fyrir að árleg úrgangsaukning verði um 1,5%. Afkastageta stöðvarinnar er a.m.k. 15 þúsund tonn á ári. Aðkoma að jarðgerðarstöðinni verður um 5 m breiðan veg sem kemur í beinu framhaldi af núverandi aðkomuvegi að efnistökusvæði. Vegur frá þjóðvegi að jarðgerðarstöð verður tæpir 900 m, þar af ný veglína um 100 m.

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 4. júní sl. um að bygging jarðgerðarstöðvar á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruvá

Í umhverfisskýrslu er bent á markmið aðalskipulags vegna náttúruvár og flóðahættu en þar er m.a. kveðið á um að „hættumat skal fara fram alls staðar þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð og hættu er talin stafa af náttúruhamförum“. Í skýrslunni kemur einnig fram að

iðnaðarsvæðið er að hluta á svæði sem Eyjafjarðará getur flætt yfir samkvæmt afmörkun á skýringarupprætti E „Skriður og grjóthlaup, árflóð“ með staðfestu aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Í umhverfisskýrslunni segir jafnframt: „Afmörkun þess miðar við 10 m hæðalínu en byggir ekki á heimildum og rannsóknum. Ekki hefur í manna minnum flætt yfir þetta svæði. Talið er að ekki stafi hætta af náttúruhamförum á iðnaðarsvæði I-10 og því þurfi ekki hættumat vegna uppbyggingar jarðgerðarstöðvar í landi Þverár.“ Umhverfisstofnun telur að gera verði betur grein fyrir forsendum þess að svæðið er á fyrrgreindum skýringarupprætti afmarkað sem svæði sem Eyjafjarðará getur flætt yfir og hvort fyrir liggi nýjar upplýsingar sem sýni að viðkomandi svæði sé ekki hættusvæði. Stofnunin telur eðlilegt að hættumat sé gert vegna mannvirkjagerðarinnar ef það er innan skilgreinds flóðasvæðis samkvæmt aðalskipulagi.

Umhverfisskýrsla

Eins og fram kom í umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar frá 26. maí sl. telur stofnunin að þau umhverfisáhrif sem fylgt gætu starfsemi jarðgerðarstöðvarinnar vera annars vegar rask vegna uppbyggingarinnar og hins vegar áhrif á hljóðvist, lykt og frárennsli vegna starfseminnar. Stofnunin telur að starfsemin muni hafa áhrif á loftgæði og að búast megi við ásókn meindýra í þroskunarhauginn. Á þessum atriðum verður hins vegar tekið í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun telur að með góðum frágangi á plönnum og niðurfalli og hreinsun fráveituvatns eigi ekki að vera hætta á mengun yfirborðsvatns eða jarðvegs og að rask vegna framkvæmdanna muni ekki hafa veruleg umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun telur að ágætlega sé gerð grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar í umhverfisskýrslu.


Deiliskipulag


Á deiliskipulagi er skilgreindur byggingarreitur sem er 6.500 m² að stærð á suðurhluta lóðar þar sem fyrirhugað er að reisa um 1.200 m² skemmu fyrir jarðgerð innanhúss. Samkvæmt greinargerð með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir þeim möguleika að innan reitsins megi síðar meir koma fyrir yfirbyggðri geymslu á stöðefnum ef þess gerist þörf. Þá er ekki tekið fyrir að einhverjar byggingar verði byggðar innan reitsins í þróun starfseminnar eða til að halda ásýnd svæðis og húsa sem bestri. Í greinargerð segir m.a. að „lögð er áhersla á að útlit og byggingaform húsa skipti máli og að þau verði þannig hönnuð að þau falli vel að landhæðum og landslagi og séu góð byggingarlist.“

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að hönnun og gerð húsa miði að því að þau falli eins vel að landslagi og unnt er. Samkvæmt 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal þess gætt við hönnun vega, verkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands, eins og fram kemur í umhverfisskýrslu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við skipulagstillögurnar. Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllt


Sigríós Friðriksdóttir
Fagstjóri


Hjalti J. Guðmundsson
Sviðsstjóri